

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík, 18. apríl 2005
Tilv. 2005040098/0.2

Efni: Um 676. mál - áfengi til iðnaðarnota


Vísað er til bréfs hv. allsherjarnefndar Alþingis dags. 8. apríl 2005.

Áfengis- og tóbaksverslunin hefur ekki svo eftir sé munað selt áfengi til iðnaðarnota eftir að verslunin hætti innflutningi áfengis þ.m.t. hreins vínanda. Þess er heldur ekki minnst að neinn hafi leitað eftir slíkum viðskiptum. Sala þeirrar vöru hlýtur því að hafa verið í höndum annarra en ÁTVR undanfarinn áratug.

Skv. ákvæðum reglugerðar nr. 505/1998 um áfengisgjald eru undanþágur frá áfengisgjaldi til framleiðslu, sem kallar á einhvers konar umsjá með hráefnanotkun, helstar þær, sem lækna hafa, lyfsalar, framleiðendur sterkra drykkja og svo þeir sem vínanda nota til framleiðslu á óneysluhæfum vínanda til iðnaðar, efnarannsóknna o.s.frv. sbr. töluliði 6-8 í 9. gr. reglugerðarinnar.

Í þeim tilvikum sem verið er að höndla með gjaldfrjálst áfengi er brýnt að með því sé fylgst að því sé eigi ráðstafað til annarra nota en reglugerð um áfengisgjald segir til um. ÁTVR telur að gera þurfi grein fyrir hvernig núverandi eftirlitskerfi hefur virkað áður en farið er að lögfesta óbreytt ástand.

Virðingarfyllst,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins


Höskuldur Jónsson
forstjóri